

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úthlutun fjármuna til grunnskóla Reykjavíkur


Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram á fundi Borgarráðs 5. september 2019 og var vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Skóla og frístundasvið heldur utan um skjal með breytingum frá fyrra ári og óskum skólastjóra um viðbótarfjármagn. Þetta grunnskjal fer síðan til skoðunar og yfirferðar hjá fjármálaskrifstofu (FMS) og eftir atvikum tekur fjármálahópur og/eða meirihluti borgarstjórnar skjalið til meðferðar og samþykkir eða hafnar óskum skólastjórnenda sem þar koma fram. Flokkur fólksins óskar eftir að fá að sjá þetta breytingarskjal SFS frá síðasta ári og sjá hvaða meðferð óskir skólastjóra fengu, hvaða óskir voru samþykktar og hverjum var hafnað. Flokkur fólksins fer einnig fram á að fá í hendur hin svokölluðu 5 skóla skýrslu. Nýlega var Flokkur fólksins með umræðu um ástand skólabygginga í borgarstjórn. Þar var sérstaklega rakið ástandið m.a. í Hagaskóla. Til er svokölluð 5 skóla skýrsla sem borgarfulltrúi hefur óskað eftir að verði gerð opinber en án árangurs. Borgarstjóri hefur neitað að opinbera þetta skjal. Óskað er eftir að hin svokallaða 5 skólaskýrsla verði opinberuð strax.

Svar

Þessi fyrirspurn er frá 2019 og er beðist velvirðingar á því hve seint svar berst. Ekki er um að ræða neitt grunnskjal þar sem haldið er utan um óskir skólastjóra um viðbótarfjármagn. Skóla- og frístundasvið sækir um viðbótarfjárheimildir til borgarráðs eftir að búið er að samþykkja umræddar beiðnir í Skóla- og frístundaráði. Fagskrifstofa grunnskóla sér um faglegan rökstuðning og fjármáladeild um fjárhagslega útreikninga á tillögum fagskrifstofu. Allar viðbótarfjárheimildir sem eru samþykktar í borgarstjórn eru birtar opinberlega eftir atvikum í fundagerðum borgarstjórnar og borgarráðs á vef Reykjavíkurborgar. Varðandi 5 skóla skýrslu þá er því erindi vísað til skrifstofu borgarstjóra.

Virðingarfyllst,
Helgi Grímsson,



sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar